



Hótelrekstur í Dalabyggð
Er sjálfbærni höfð að leiðarljósi ?

Hanna Valdís Jóhannsdóttir

Lokaritgerð til BA gráðu í ferðamálafræði við

Háskólann á Hólum

Vor 2014

Skóli:	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
Deild:	Ferðamáladeild
Fag:	BA - lokaritgerð
Heiti verkefnis:	Hótelrektor í Dalabyggð, er sjálfbærni höfð að leiðarljósi?
Verktími:	Vor 2014
Nemandi:	Hanna Valdís Jóhannsdóttir
Leiðbeinandi:	Ingibjörg Sigurðardóttir
Blaðsíðufjöldi:	45
Fjöldi viðauka:	Einn
Staður og dagsetning:	Akranes 30. apríl 2014
Útgáfu- og notkunarréttur:	Opinn

Staðfesting lokaritgerðar til BA gráðu í ferðamálafræði

BA ritgerðin: Hótelrekstur í Dalabyggð, er sjálfbærni höfð að leiðarljósi?

Eftir: Hönnu Valdísi Jóhannsdóttur, kt. 290781-3619.

Hefur verið metin fullnægjandi samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Hólum.

Hólum, _____

Umsjónamaður lokaverkefna

Leiðbeinandi

Hótelrekstur í Dalabyggð, er sjálfbærni höfð að leiðarljósi ?

Hanna Valdís Jóhannsdóttir, kt. 290781-3619

12 ECTS eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureum Artium* gráðu í
ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Ingibjörg Sigurðardóttir

Ferðamáladeild
Hólaskóli, Háskólinn á Hólum
Hólar, apríl 2014

Hótelrekstur í Dalabyggð, er sjálfbærni höfð að leiðarljósi ?
12 ECTS eininga ritgerð sem er hluti af Baccalaureus Artium gráðu í ferðamálafræði

Höfundaréttur © 2014 Hanna Valdís Jóhannsdóttir
Öll réttindi áskilin

Ferðamáladeild
Hólar University College
Hólar í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Iceland

Sími: 455 6300

Skráningarupplýsingar:

Hanna Valdís Jóhannsdóttir, 2014, *Hótelrekstur í Dalabyggð, er sjálfbærni höfð að leiðarljósi*, BA ritgerð, Ferðamáladeild, Hólaskóli Háskólinn Hólum, 45. bls.

Akranes, Ísland, apríl 2014

Abstract

In this essay I will discuss the topic of sustainable development and its many forms. Sustainability is based on the ideology of using what one needs while ensuring its ability for continued use in the future, for coming generations. The goal is to encourage sustainability within the travelling services in Iceland and draw focus to the many benefits of running a sustainable business. The main emphasis on sustainable development in the business of tourism has been on companies and services run in rural natural areas. The author of this essay chose to analyze the business habits of hotels within the county of Dalabyggð, and review whether or not the idea of sustainable development is in practice. There are two hotels in Dalabyggð, on one hand there is a privately run hotel called Vogur Country Lodge and on the other, there is Edda Hotel, which is a part of a large chain of hotels. The goal of this essay is to query whether or not, sustainability is maintained as standard within the business of the company and if the hotels have a clear environmental strategic management. The research included a case study, of those two hotels. The author inspected the hotels' websites and conducted semi structured phone interviews with the managers. The results will be presented in this essay. The results showed that despite the lack of emphasis on the sustainability of the businesses, there are many things in the business that promotes sustainability as cost efficiency of buildings and focus on shopping from suppliers in the region.

Keywords: tourism, sustainable development, sustainable tourism, hotel operations, Dalabyggð region.

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um sjálfbærni og hin mörgu og mismunandi afbrigði af henni. Sjálfbærni byggist á þeirri hugmyndafræði að nýta það sem við þurfum en gæta um leið að því að nýta ekki of mikið og skilja nægilega mikið eftir fyrir komandi kynslóðir. Rauði þráðurinn er að hvetja til sjálfbærni í rekstri ferðaþjónustu á Íslandi og benda á kosti sem fylgja slíkum rekstri. Aðaláhersla sjálfbærni hefur verið á ferðaþjónustu fyrirtæki sem starfa úti í náttúrunni en höfundur valdi að kanna fyrirkomulag hótélrekstrar í Dalabyggð og athuga hvort tekið sé tillit til sjálfbærni við hann. Í Dalabyggð eru rekin tvö hótél, annars vegar einkarekið hótél (Vogur Country Lodge) og hins vegar hótél í hótélkeðju (Hótél Edda). Markmið ritgerðarinnar var að kanna hvort að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi við rekstur þessara tveggja hótela og hvort þau hafi skýra stefnumótun í rekstrinum, á sviði umhverfismála. Rannsóknin var dæmisögurannsókn en til að komast að niðurstöðu kynnti höfundur sér heimasíður beggja hótela og framkvæmdi hálfopin símaviðtöl við rekstaraðila hótelanna. Niðurstöður rannsóknarinnar voru því greindar út frá þessum tveim raundæmum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þrátt fyrir að ekki sé lögð áhersla á sjálfbærni við reksturinn er margt í honum sem stuðlar að sjálfbærni líkt og nýting húsakosts og áherslur á að versla af birgjum í héraði þar sem þess er kostur.

Lykilorð: Ferðaþjónusta, sjálfbær þróun, sjálfbær ferðaþjónusta, hótélrekstur, Dalabyggð.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ix
Töfluskrá	xi
Þakkir	xii
1 Inngangur	1
1.1 Markmið og uppbygging	2
1.2 Dalabyggð.....	3
2 Fræðilegur kafli.....	4
2.1 Ferðapjónusta og sjálfbærni	4
2.1.1 Ferðapjónusta	4
2.1.2 Sjálfbær þróun.....	5
2.1.3 Sjálfbær ferðapjónusta	7
2.1.4 Samfélagið	11
2.1.5 Umhverfi	11
2.1.6 Efnahagur	12
2.2 Hvers vegna sjálfbærni	13
2.3 Stefnumótanir í umhverfismálum.....	13
2.3.1 Afhverju stefnumótun í ferðapjónustu?	14
2.3.2 Stefnumótun á Vesturlandi	14
2.4 Rannsóknarþörfin	16
3 Rannsóknaraðferðir.....	17
3.1 Aðferðafræði	17
3.2 Undirbúningur	18
3.3 Gagnaöflun og úrvinnsla	19
4 Niðurstöður.....	20
4.1.1 Bakgrunnur fyrirtækjanna	20
4.1.2 Starfsfólk.....	20
4.1.3 Aðföng	21
4.1.4 Stefnumótun.....	21
4.1.5 Hugtakið sjálfbær ferðapjónusta	21
4.2 Kynningarefni.....	22
4.2.1 Annað.....	23
4.3 Greining niðurstaðna	23
5 Umræður.....	25
5.1 Hugmyndir um næstu skref	26

Heimildaskrá.....	27
Munnlegar heimildir	31
Töfluskrá.....	32
Viðkauri 1	33

Töfluskrá

Tafla 1	Tækifæri og vandamál í ferðapjónustu	5
Tafla 2	Ósjálfbær og sjálfbær ferðapjónusta	10

Þakkir

Þakkir vil ég færa leiðbeinandanum mínum henni Ingibjörgu Sigurðardóttur fyrir góðar ábendingar og gott viðmót við vinnslu ritgerðarinnar. Guðmundi Halldórssyni eiganda Vogs Country Lodge og Tryggva Guðmundssyni forstöðumanni landsbyggðahótela hjá Hótel Eddu fyrir að hafa gefið sér tíma í að tala við mig. Einnig vil ég þakka Unni Sigurðardóttur fyrir yfirllestur og ábendingar um málfar og Rebekku Dagmar Elísabetardóttur fyrir aðstoð við þýðingu á enskum texta.

1 Inngangur

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem er í hvað mestum vexti á Íslandi í dag, ferðamönnum um Leifsstöð fjölgaði um 19,6 % á milli árána 2011 og 2012 (Landsbankinn, 2013, bls. 3). Þótt aukin innkoma í ríkiskassann sé jákvæð eru bæði jákvæðir og neikvæðir hlutir sem snerta samfélagið og umhverfið vegna ferðaþjónustu. Líkt og flestir Íslendingar hafa heyrt rætt um eru vinsælustu ferðamannastaðir Íslands farnir að láta á sjá vegna mikils umgangs. Ferðaþjónusta hefur ekki einungis áhrif á efnahagslífið og náttúruna heldur eru skiptar skoðanir um hana meðal íbúa landsins. Ef reka á ferðaþjónustu er nauðsynlegt að gera það í sátt og samlyndi við íbúa þess svæðis þar sem að reksturinn fer fram. Oft er nóg að heimamaðurinn sjái einhvern samfélagslegan ávinning í ferðaþjónustunni til að líta á hana jákvæðum augum en ef hann sér engan ávinning getur hann reynst erfiður viðureignar ferðaþjónustu aðilanum.

Ferðaþjónusta í Dalabyggð er ekki langt á veg komin í uppbyggingu miðað við í mörgum öðrum sveitarfélögum á landinu. Sveitarfélagið hefur sennilega einna mest staðið að uppbyggingu ferðaþjónustunnar með rekstri Byggðasafns Dalamanna, uppbyggingu á Eiríksstöðum í Haukadal, endurgerð gamla kaupfélagshússins við höfnina sem heitir nú Leifsbúð og með að setja upp upplýsingaskilti víðsvegar um sveitarfélagið. Enda má segja að sveitarfélagið sé hluti af stoðkerfi fyrirtækja sem bjóða ferðaþjónustu á svæðinu. Í dag má finna flestar gerðir af gistimöguleikum í sveitarfélaginu: hótél, gistihús, ferðaþjónustu bænda og útleigu á sumarhúsum. Gisting í ferðaþjónustu bænda og sumarhúsa leiga er rekin sem aukabúgrein með landbúnaði til að bæta við tekjur búsins. Hótelin á svæðinu eru tvö og eru annarsvegin rekin af risakeðju Icelandair og hins vegar einkarekið. Í þessari ritgerð er sjónum beint að þessum tveim ólíku hótelum. Hver er hinsvegar ávinningur heimamanna af því að hafa þessi tvö hótél í sveitarfélaginu? Auka þau atvinnuframboð, styðja þau við þá framleiðslu sem á sér stað á svæðinu og hafa þau sjálfbærni að leiðarljósi við reksturinn?

1.1 Markmið og uppbygging

Sjálfbærni er sennilega það hugtak sem hefur komið oftast fyrir í gegnum allt BA námið í Ferðamálafræði við Háskólann á Hólum og á við á mörgum sviðum greinarinnar. Skilningur á hugtakinu er misjafn innan ferðaþjónustunnar þrátt fyrir að það sé víða notað. Í þessari ritgerð er leitast við að svara spurningunni: Er hótélrekstur í Dalabyggð rekinn með sjálfbærni að leiðarljósi? Markmið verkefnisins í heild var að rannsaka þau tvö hótél sem rekin eru í sveitarfélaginu út frá hugmyndafræði sjálfbærni.

Höfundur lék forvitni á að vita, hver er samfélagslegur ávinningur íbúa í sveitarfélaginu og sveitarfélagsins sjálfs af því að hafa rekstur þessara hótela í sveitarfélaginu. Sé ferðaþjónusta rekin með sjálfbærni í huga s.s. varðandi það að kaupa hráefni til matargerðar af heimamönnum má ætla að hún hafi jákvæð áhrif út í samfélagið. Ferðaþjónusta getur nefnilega styrkt ímynd landsbyggðarinnar, þar með talið sjálfsmynd heimamanna og aukið almenn lífsgæði. Ferðaþjónusta býður upp á aukin atvinnutækifæri fyrir heimamenn og getur átt þátt í að draga úr brottflutningi frá dreifðari byggðum (Auður H. Ingólfssdóttir, 2002, bls. 145). Líkt og í mörgum öðrum litlum sveitarfélögum á landsbyggðinni hefur íbúum Dalabyggðar fækkað síðustu ár, úr 794 íbúum árið 1998 (Hagstofa Íslands, á.á.a.) niður í 665 íbúa árið 2013 (Hagstofa Íslands, á.á.b.).

Ferðaþjónustan á Íslandi fer ört vaxandi og ef hún heldur áfram að aukast sjáum við fram á eina milljón erlenda ferðamenn árið 2020 (Ferðamálastofa, 2013, bls. 3), en árið 2013 komu 807.349 erlendir ferðamenn til Íslands (Ferðamálastofa, á.á.a.). Af þessum fjölda erlendra ferðamanna sem sóttu landið heim árið 2013 voru einungis 9,7 % (Ferðamálastofa, 2013, bls. 13) þeirra sem heimsóttu Dalabyggð yfir sumartímann og 3,4 % (Ferðamálastofa, 2013, bls. 13) sem áttu leið þangað yfir vetrartímann. Með tilliti til þessarar upplýsingar veltir höfundur fyrir sér hvort þessi fjölgun ferðamanna eigi eftir að skila sér betur í Dalina og hvort rekstarfyrirkomulag hótelanna eins og það er nú í dag leiði til aukinna velsældar fyrir íbúa sveitarfélagsins hvort sem er í auknu atvinnuframboði eða aukningu á framleiðslu.

Ritgerðin hefst á kynningu á sveitarfélaginu Dalabyggð, þá er næst fræðilegur kafli, umfjöllun um rannsóknaraðferðina, framkvæmdina og niðurstöður rannsóknarinnar. Að

lokum eru niðurstöður rannsóknarinnar greindar og í kjölfar þeirra eru settar fram umræður byggðar á niðurstöðunum.

1.2 Dalabyggð

Sveitarfélagið Dalabyggð er landbúnaðarhérað mitt á milli Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands. Þjónustukjarni sveitarfélagsins er í Búðardal sem er jafnframt eina þéttbýlið í sveitarfélaginu. Dalabyggð veitir íbúum sínum margskonar þjónustu og rekur leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, dvalarheimili, byggðasafn og bókasafn svo eitthvað sé nefnt (Dalabyggð, á.á.). Margskonar önnur þjónusta er í boði fyrir íbúa sveitarfélagsins líkt og heilsugæsla, tannlæknþjónusta, verslun, veitingasala, banki, vínbúð, flutninga- og bifreiðaþjónusta, rafvirki, trésmiðja, blómabúð, hárgreiðslustofa og líkamsræktar aðstaða (Dalabyggð, á.á.). Eins og nafnið gefur til kynna er sveitarfélagið saman sett úr mörgum dölum og oft er ekki vitað hvenær einn tekur við af öðrum (Visit West Iceland, á.á.a.). Náttúran er fjölbreytt og útifyrir ströndinni eru síðan Breiðafjarðareyjar í allri sinni dýrð (Visit West Iceland, á.á.a.).

Dalabyggð er sögufrægt hérað og má þar fyrst nefna Auði Djúpuðgu einu landnámskonu Ísland sem nam land í Dalasýslu og bjó í Hvammi í Hvammssveit (Leifur Eiríksson, á.á.). Aðrar þekktir einstaklingar úr Íslendinga sögunum eru Leifur heppni, Eiríkur rauði, Ólöf ríka á Skarði og Sturlungar. Þá er Dalasýsla einnig söguslóð Laxdælusögu (Visit West Iceland, á.á.b.). Sú afþreying sem boðið er upp á í sveitarfélaginu er byggð upp á sögunni. Á Eiríksstöðum í Haukadal er tilgátubær Eiríks rauða og þar er hægt að kynnast lífsháttum frá landnámstíð (Visit West Iceland, á.á.c.). Í Leifsbúð í Búardal eru landafundunum gerð skil og á Laugum í Sælingsdal eru tvær sundlaugar, annarsvegar Sælingsdalslaug sem er hin hefðbundna sundlaug og hins vegar Guðrúnarlaug sem er hlaðin setlaug (Visit West Iceland, á.á.c.). Af þessari stuttu samantekt má sjá að svæðið er ríkt af sögum sem að nokkru marki hafa verið nýttar til að byggja upp afþreyingu fyrir ferðamenn auk þess sem að töluverð þjónusta er í boði í sveitarfélaginu.

2 Fræðilegur kafli

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður fjallað um fræðilegan hluta viðfangsefnisins. Hér á eftir verða helstu hugtök sem notuð eru í ritgerðinni útskýrð til að fá svör við rannsóknarspurningunni hvort hótélrekstur í Dalabyggð hafi sjálfbærni að leiðarljósi? Megin hugtökin eru: ferðapjónusta, sjálfbær þróun, sjálfbær ferðapjónusta, samfélagsleg sjálfbærni og stefnumótun í umhverfismálum. Eru þessum hugtökum gerð nokkur skil til að leggja grunn að greiningu viðfangsefnisins.

2.1 Ferðapjónusta og sjálfbærni

2.1.1 Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er samsett þjónustukeðja sem er sett saman úr mörgum þáttum, hver hlekkur keðjunnar er kannski sér eining en samt sem áður er hann bæði tengdur og háður öðrum hlekkjum hennar (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013, bls. 10). Ferðamaður sem ferðast til Íslands byrjar á því að kaupa sér flugfar en það er ekki nóg því hann þarf bæði að sofa og borða og hér erum við strax komin með þrjá ólíka hlekki í keðjuna og eigum eftir að bæta við afþreyingu sem getur verið allt frá því að njóta náttúrunnar yfir í að fara í skipulagðar skoðunar- eða ævintýraferðir eða sækja menningar- og tónlistar viðburði. Hugtakið ferðapjónusta nær því yfir margar atvinnugreinar sem saman mynda ferðapjónustukeðjuna. Segja má að ferðapjónusta geti bæði verið vandamál og tækifæri (Auður H. Ingólfssdóttir, 2002, bls. 142).

Tafla 1

Tækifæri og vandamál í ferðaþjónustu (Auður H. Ingólfssdóttir, 2002, bls 142).

Tækifæri	Vandamál
Getur stuðlað að aukinni atvinnu og skapað atvinnutækifæri	Getur spillt gróðri, landslagi og mengað ef ekki er rétt staðið að henni
Aflar gjaldeyris	Menning getur tapast ef utanað komandi áhrif verða of mikil
Stuðlar að byggð í dreifbýli	Ótraustar tekjur, ef eitthvað kemur upp á eins og verkföll, efnahagsástand eða náttúruhamfarir
Stuðlar að bættum samgöngum	Truflandi áhrif á rólegum fámennari stöðum
Uppbygging á þjónustu neti sem jafnframt kemur heimamönnum til góðs	
Viðheldur menningu	

Eins og sést á töflu 1 getur ferðaþjónusta verið tækifæri að því leyti að hún aflar gjaldeyristekna og eykur atvinnu framboð. En aftur á móti geta verið vandamál þau áhrif sem hún getur haft á náttúruna og umhverfið ef ekki hefur verið skipulagt eða undirbúið nægilega svæðið sem laða á ferðamanninn að, eins og farið er að bera á við helstu ferðamannastaði Íslands líkt og Gullfoss, Geysi og Dettifoss. Ferðaþjónusta á Íslandi er tiltölulega ung atvinnugrein, en þrátt fyrir það aflar hún meiri tekna en sjávarútvegur og álframleiðsla (Oddný Þóra Óladóttir, 2014, bls. 2). En fram að þessu hefur hún verið þriðji stærsti útflutningsliður landsins á eftir sjávarútvegi og áli (Landsbankinn, á.á. bls. 3).

2.1.2 Sjálfbær þróun

Hugtakið sjálfbær þróun er mjög víðfermt og hægt að líta á það frá mörgum sjónarhornum, og er skilgreining almennings á hugtakinu mismunandi. Við skulum byrja á því að líta á hvernig hugtakið varð til og þróaðist.

Upphaf umræðunnar um sjálfbæra þróun má rekja til umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Stokkhólmi 1972, þar var fjallað um réttindi mannsins til heilbrigðs og gefandi umhverfis (United Nations, á.á.). Þetta var í fyrsta skipti sem stjórvöld heimsins ræddu um náttúru- og mengunarmál. Röð slíkra funda fylgdu í kjölfarið þar sem fjallað var um réttindi mannsins til aðgengis að nægum mat, húsnæði, hreinu vatni og að eiga fjölskyldu (United Nations, á.á.).

Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (IUCN) birtu alþjóðlega stefnu árið 1980 sem telja má forvera sjálfbærar þróunar. Í þeirri stefnu er fullyrt að ekki sé hægt að vernda náttúruna án þess að draga úr fátækt og eynd hundruð milljóna manna og lögð áhersla á tengsl milli verndunar og uppbyggingar (United Nations, á.á.)

Hugtakið sjálfbær þróun kom fyrst fram í skýrslu Brundtlandnefndarinnar „Sameiginleg framtíð okkar“ árið 1987 sem gefin var út af sameinuðu þjóðunum (Auður H. Ingólfssdóttir, 2002, bls. 30). En nefndin er kennd við Gro Harlem fyrrum forsætisráðherra Noregs sem var formaður nefndarinnar. Í henni er sjálfbær þróun skilgreind sem: „Þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum“ (Auður H. Ingólfssdóttir, 2002, bls. 30).

Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir ráðstefnu í Rio de Janeiro árið 1992, sú ráðstefna var haldin til að ítreka skilgreiningarnar frá ráðstefnu sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi 1972, og nota þær til frekari uppbyggingar (United Nations Environment Programme, á.á.). Þrátt fyrir að fundarefnið væri að mörgu leyti það sama og fyrir 20 árum kom þar fram á sjónarsviðið mikið af nýjum nöfnum og hugtökum, lykil hugtak ráðstefnunnar var sjálfbær þróun. Meðal þeirra meginreglna sem voru samþykktar í Rio voru: Að fólk á rétt á heilbrigðu lífi í sátt við náttúruna, þróunin í dag má ekki ógna þörfum núlifandi og komandi kynslóða, umhverfisvernd skuli teljast hluti af þróunarferli og sjálfbær þróun krefst betri skilnings á vandamálum mengunar (Sustainable Environment, á.á.).

Heimsráðstefna um sjálfbæra þróun var haldin í Jóhannesarborg 2002, tíu árum eftir leiðtogafundinn í Ríó og hefur verið kallaður Ríó + 10 (Rio+20 Education, á.á.). Hér voru skuldbindingarnar frá Ríó ráðstefnunni endurnýjaðar og markaðar helstu áherslur í umhverfis- og þróunarmálum komandi áratuga (Utanríkisráðuneytið, á.á.).

Staðardagskrá 21 er velferðaáætlun sem tekur jafnt á umhverfis, efnahags og félagslegum þáttum, þetta er áætlun sem ætlar öllum sveitastjórnnum heimsins að gera sína eigin áætlun í samræmi við áætlunina sem gerð var á Heimsráðstefnu sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro 1992 (Arnheiður Hjörleifsdóttir og Stefán Gíslason, 2003).

Þrjú þættir sjálfbærar þróunar eru:

- Efnahagsleg þróun: áherslur eru að viðhalda hagvexti, hámarka einkahagnað, þróa markaði og úthýsa kostnaði.
- Vistfræðilega þróun: áherslur eru að virða þolmörk, vernda og endurvinna og draga úr úrgangi.
- Félagsleg þróun: Áherslur eru að stuðla að sjálfsþurft, uppfylla frumþarfir, auka jafnræði, tryggja þátttöku og nota viðeigandi tækni (ICLEI Global, á.á.).

2.1.3 Sjálfbær ferðaþjónusta

Hugtakið sjálfbær ferðaþjónusta er komið af hugtakinu um sjálfbæra þróun, og líkt og um hugtakið sjálfbær þróun eru mismunandi skilgreiningar í gangi og misjafnt hvernig ferðaþjónustuaðilar og almenningur skilgreina sjálfbæra ferðaþjónustu. Hugtakið sjálfbær ferðaþjónusta felur í sér nýjan hugsunarhátt, ný viðhorf og breytta starfshætti ferðaþjónustuaðila til að mæta skilgreiningu sjálfbærar ferðaþjónustu og kröfu ferðamannsins um umhverfisvænni ferðaþjónustu. Íbúar heimsins verða sífellt meðvitaðri um náttúruna, auðlindir hennar og áhrif mannsins, því eru margir ferðamenn farnir að fara fram á að sú ferðaþjónusta sem þeir sækja sé sjálfbær. Þessi vitundarvakning snýr þó ekki einungis að ferðaþjónustuaðilanum heldur er ferðamaðurinn einnig hvattur til að huga að umhverfinu sem hann ferðast um. Það er því ljóst að sjálfbær ferðaþjónusta byggir á samspili þeirra ferðaþjónustuaðila sem byggja upp atvinnugreinina, ferðamanna og heimamanna á viðkomandi áfangastað.

Alþjóða ferðamálasamtökin (UNWTO) settu fram skilgreiningu árið 2004 á því hver aðal áhersla sjálfbærrar ferðaþjónustu ætti að vera:

- Hámarksnýta auðlindir umhverfisins sem gegna lykilhlutverki í þróun ferðaþjónustu, en viðhalda um leið nauðsynlegum vistfræðilegum ferlum og hjálpa til við að vernda náttúrulega arfleifð og líffræðilegan fjölbreytileika.
- Virða félags- og menningarleg gildi samfélaganna, varðveita menningararf þeirra, bæði byggingar, nútíma menningararf og hefðbundin gildi, og stuðla innbyrðis að menningarskilningi og umburðarlyndi.
- Tryggja raunhæfa, langtíma efnahagslega starfsemi, sem veitir öllum hagsmunaaðilum félagslegan og hagrænann ávinning sem dreifist jafnt á milli þeirra, þar á meðal stöðug tækifæri til atvinnu- og tekjuöflunar innan samfélags heimamanna, og stuðla að því að draga úr fátækt (UNWTO, á.á).

Áherslur á sjálfbæra ferðaþjónustu hér á landi fara líka vaxandi og hefur Ferðamálastofa lagt áherslu á að Ísland sé og eigi að vera hreint og ómengað land, þar sem ferðaþjónusta er rekin með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, þjóðarbúinu til heilla og í sátt við umhverfi og samfélag (Ferðamálastofa, á.á.b.). Hefur Ferðamálastofa sett fram eftirfarandi markmið fyrir íslenska ferðaþjónustu:

1. Vinna árlega að úrbótum er stuðla að minni mengun og verðmætasóun t.d. með endurnýtingu, endurvinnslu, orkusparnaði og notkun á umhverfisvænum efnum.
2. Velja frekar vörur og þjónustu sem koma úr heimabyggð og sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, þar sem að því verður við komið.
3. Leita eftir frekari fræðslu um umhverfismál og koma þeim upplýsingum áfram til starfsfólks.
4. Hafa frumkvæði að því að bæta frammistöðu og ímynd íslenskrar ferðaþjónustu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, ásamt því að hvetja ríkisstjórn, ráðuneyti, opinberar stofnanir, sveitastjórnir, ferðaþjónustufyrirtæki og samtök þeirra til að leggja einnig sitt af mörkum í þeirri viðleitni.
5. Vinna að vottun/flokkun íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja, áfangastaða, samfélaga og einstakra ferðaþjónustuverkefna samkvæmt bestu þekktu stöðlum í anda sjálfbærrar þróunar á hverjum tíma, sjálfstætt eða með öðrum.

6. Beita sér fyrir stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum, bæði í eigin starfsemi og í íslenskri ferðaþjónustu.
7. Nýta endurnýtanlegar auðlindir, stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og vinna gegn hvers konar sóun.
8. Hvetja til rannsókna í íslenskri ferðaþjónustu, þar á meðal rannsókna á þolmörkum náttúru og samfélags.
9. Efla fræðslu um umhverfismál ferðaþjónustunnar.
10. Uppfylla ákvæði laga, reglugerða, alþjóðasamninga og samþykktra áætlana sem tengjast starfseminni (Ferðamálastofa, á.á.b.).

Til að koma til móts við þessar breyttu áherslur í ferðaþjónustu fól Iðnaðarráðuneytið, Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands gerð samræms gæðakerfis ferðaþjónustuaðila á Íslandi. Innganga í Vakann er valkvæð hjá ferðaþjónustuaðilum og er markmiðið að gæðakerfið verði þekkt fyrir kosti sína og stuðli að því að ferðamenn hagi viðskiptum sínum í samræmi við það. Til að ná sameiginlegum markmiðum hafa verið settar saman siðareglur Vakans, sem öll fyrirtæki sem eru hluti af gæðakerfinu verða að samþykkja (Vakinn, á.á.). Margar mismunandi skilgreiningar hafa verið settar fram um sjálfbæra ferðaþjónustu. Eftir heimsráðstefnu Sameinuðupjóðanna sem haldin var í Rio de Janeiro 1992, varð hugtakið „sjálfbær ferðaþjónusta“ að tískuorði í ferðaþjónustu. (Middleton, 1998, bls. ix)

Middleton (1998, bls. 7) segir að það séu tveir megin þættir sem taka þurfi tillit til þegar talað er um sjálfbæra ferðaþjónustu og þeir eru:

- Náttúrulegt umhverfi: rof á náttúrunni líkt og kóralrifum og fjöllum eftir göngu. Óhófleg notkun á fersk vatni til böðunar, sunds og vökvunar á gördum og golfvöllum. Mengun bæði á sjá og ferskvatni vegna losunar á ómeðhöndluðu skolpi. Losun koltvísýrings vegna notkunar bíla til tómsunda.
- Félagslegt og menningarlegt umhverfi: að breyta ekki hefðbundinni list og siðum í skemmtanahald og gróða fyrir hótél. Með því að trufla hefðbundnar venjur sem eru

lífsviðurværi, með því að ýta undir vændi, og með því að neyða menningu og lífsstíl til að aðlaga sig að öðrum siðum.

Hér fyrir neðan í töflu 2 má sjá muninn á hagsmunum af ferðapjónustu eftir því hvort hún er ósjálfbær eða sjálfbær.

Tafla 2

Ósjálfbær og sjálfbær ferðapjónusta (Weaver, D. 2006, bls. 25).

Ósjálfbær ferðapjónusta	Sjálfbær ferðapjónusta
Stefnulaus	Er stjórnað samkvæmt stefnu
Skammtíma áhrif af gjörðum	Langtíma áhrif af gjörðum
Eingöngu ferðapjónusta	Ferðapjónusta í samhengi við aðrar atvinnugreinar
Aðeins bein áhrif	Bein, óbein og afleidd áhrif
Stjórnast af magni	Stjórnast af gæðum
Stjórnast af gróða	Stjórnast af verðmætum
Óþjálfað vinnuafli	Stjóðug menntun og þjálfun
Fjarlæg stjórnun	Stjórnun í héraði
Sölumennska	Ráðleggingar

Það eru þrjú þættir sem eru megin stoðir í sjálfbærri ferðapjónustu en þeir eru samfélagið, umhverfið og efnahagurinn. Algengast er að leggja alla þrjú þættina að jöfnu en er það misjafnt eftir áherslunum hverju sinni hver er settur í forgrunn (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013, bls. 11).

2.1.4 Samfélagið

Uppbygging ferðapjónustu á landsbyggðinni líkt og í Dalabyggð er til lítils ef ekki eru hagsmunir heimamanna hafðir að leiðarljósi. Fyrsta stoðin af þrem í sjálfbærri ferðapjónustu er samfélagið. Það getur lýst sér á ýmsan máta en þegar talað er um samfélagslega sjálfbærni eru fjórir meginþættir sem litið er til:

- Ánægja gesta. Að tryggja örugga og ánægjulega upplifun gesta sem mætir væntingum þeirra og er öllum aðgengileg.
- Stjórn í höndum heimafólks. Virkja samfélag heimafólks með því að efla færni í ákvarðanatöku og skipulagi þróunar ferðamennsku.
- Lífsgæði. Að efla og viðhalda velmegun í samfélagi heimafólks, þar með talið í félagslegum innviðum, aðgengi að auðlindum, þægindum og umhverfisgæðum og að forðast spillingu og arðrán.
- Menningar gróska. Að varðveita og efla arfleið, upprunalega menningu, hefðir og það sem gerir samfélag heimafólks sérstakt (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013, bls. 14).

Með samfélagslegri sjálfbærni er leitast við að styrkja innviði sveitarfélagsins með atvinnu og verslun í héraði. Markmiðið er að laða að ferðamenn en til að upplifun þeirra verði sem ánægjulegust er mikilvægt að heimamenn séu einnig ánægðir. Ferðamaðurinn hefur ekki ánægju af dvöl sinni á svæðinu ef hann skynjar að heimamenn eru óánægðir með það að hann sé þar. Ef hótél leitast við að stuðla að samfélagslegri sjálfbærni ættu þau að hafa á stefnu sinni að ráða heimafólk í vinnu (sé það mögulegt), versla af birgjum á svæðinu og stuðla að því að gestir þeirra nýti þá afþreyingu sem er í boði (Ferðamálastofa, á.á.b.).

2.1.5 Umhverfi

Umhverfið er allt í kringum okkur og því tilheyra bæði lifandi og dauðir hlutir. Þrátt fyrir margar vísinda og tækniframfarir er maðurinn algjörlega háður umhverfinu til að fá hreint loft, vatn, mat, húsaskjóli, orku og allt annað sem við þurfum til að viðhalda heilsunni og

lifa (Miller, og Spoolman, 2010, bls. 6). Til að hægt sé að ræða um sjálfbært umhverfi er gott að hafa þessa punkta í huga:

- Vernd. Að vernda og viðhalda landslagi bæði í sveit og bæ og forðast mengun vistkerfa sem og sjónmengun.
- Fjölbreytni. Að styðja við og vernda fjölbreytni í náttúru, á búsvæðum og í dýralífi og lágmarka áhrif á þau.
- Nýting auðlinda. Lágmarka notkun sjaldgæfra eða óendurnýtanlegra auðlinda við þróun ferðamennsku.
- Takmarka mengun. Lágmarka mengun lofts, vatns og lands, sem og úrgangs frá starfsemi ferðaþjónustu (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013, bls. 14).

2.1.6 Efnahagur

Efnahagur er þriðji þátturinn í sjálfbærri ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan verður að styðja við raunhæfan efnahagslegan ávinning, því gott efnahagskerfi stuðlar að bættum lífsskilyrðum hvort sem um ræðir land, hérað eða borg (Ritchie, og Crouch, 2003, bls. 46). Til að ná sem bestum efnahagslegum ávinningi eru fjórir þættir sem ber að líta til:

- Hagkvæmni. Tryggja hagkvæmni og samkeppnishæfni áfangastaða og fyrirtækja í ferðaþjónustu og tryggja að þau skili arði til lengri tíma litið.
- Velferð. Að hámarka arð af ferðaþjónustu til heimafólks og tryggja að tekjur verði eftir á svæðinu.
- Starfsgæði. Að fjölga störfum í greininni og auka gæði þeirra starfa, þar með talin hækkun launa, betri vinnuaðstæður og fleiri atvinnutækifæri.
- Jöfnuður. Tryggja að allir njóti arðsins af þróun ferðaþjónustu (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013, bls. 14).

2.2 Hvers vegna sjálfbærni

Með því að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur stuðlum við að því að vernda umhverfi okkar fyrir ágangi og getum með því móti varðveitt það fyrir komandi kynslóðir.

Vegna mikillar umhverfisvitundarvakningar í heiminum, eru ferðamenn frá öllum heimsálfum farnir að setja auknar kröfur á að þau fyrirtæki sem þeir eiga viðskipti við leggi sitt af mörkun við að vernda náttúruna. Mikilvægur liður í því er að fyrirtæki og sveitarfélög marki sér stefnu varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar.

2.3 Stefnumótanir í umhverfismálum

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu. Þau verða að sinna lögbundnum verkefnum líkt og skipulagsmálum, umhverfismálum og hreinlætismálum (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013, bls. 56). Aðkoma sveitarfélaga að ferðamálum er fjölbreytt. Áherslur sveitarfélaganna varðandi ferðamál geta verið misjafnar eftir sveitarstjórnarmönnum hverju sinni, og eru oft háðar efnahags ástandinu. Stefnumótun stjórnvalda tiltekur hvernig hið opinbera ætlar að vinna með aðilum atvinnugreinarinnar og í raun hvernig stakk þau munu sníða henni á hverjum stað á hverjum tíma á grundvelli tiltekinna markmiða og gilda (Gunnar Þór Jóhannesson, 2012, bls. 175). Aðkoma og skynjun hins opinbera hefur tekið breytingum og segir Fayos-Solá (1996, bls. 408) að til séu þrjár kynslóðir stefnumótunar í ferðaþjónustu. Í fyrstu kynslóð stefnumótunar í ferðaþjónustu var markmiðið að auka fjölda gesta til að hámarka heildartekjur í ferðaþjónustu í því skyni að stuðla að stöðugleika á greiðslujöfnuði, auka tekjur og atvinnusköpun (Fayos-Solá, 1996, bls. 408). Í stuttu máli snérist hún eingöngu um efnahagslegu þróunina. Önnur kynslóðin skilaði betri skilgreiningu á félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum háttum ferðaþjónustunnar. Lagalegar, efnahagslegar og fjármálalegar skilgreiningar voru notaðar í samræmi við skilgreiningu á að ferðaþjónustan eigi að auka við velferð íbúanna (Fayos-Solá, 1996, bls. 408). Í þriðju kynslóðinni hefur svo sjálfbærni orðið aðal áhersluatriðið. Markmið og stefna ferðaþjónustu á að vera að

skapa og viðhalda ramma sem stuðlar að sjálfbærri ferðaþjónustu (Fayos-Solá, 1996, bls. 409).

2.3.1 Afhverju stefnumótun í ferðaþjónustu?

Tilgangur stefnumótunar í ferðaþjónustu er að skapa umhverfi sem skilar hámarksarði til staðarhaldara svæðisins en jafnframt sem minnstum neikvæðum áhrifum (Ritchie og Crouch, 2003, bls. 148). Með því að setja upp stefnu fyrir áfangastaði ferðamanna og nota við það tiltækar upplýsingar um nýtingu svæðisins er hægt að gera sér í hugarlund hvernig þróunin komi til með að verða. Með áætluðum upplýsingum um þróun komandi ára er hægt að koma til móts við átroðning með viðhaldi og uppbyggingu.

Stefna í ferðaþjónustu ætti að uppfylla eftirfarandi þætti:

- Hún ætti að skilgreina fyrirkomulagið, með hvaða fyrirkomulagi ferðaskipuleggjandi skuli starfa.
- Hún ætti að skýra hvaða aðgerðir og hegðun er ásættanleg.
- Hún ætti að innihalda algengar leiðbeiningar fyrir alla ferðaþjónustuaðila á svæðinu.
- Hún ætti að sýna samstöðu um tiltekna sýn, stefnu og markmið fyrir tiltekinn áfangastað.
- Hún ætti að innihalda ramma um hlutverk ferðaþjónustunnar fyrir almenning og einkaaðila um framlag hennar til hagkerfisins og alls samfélagsins.
- Hún ætti að auðvelda ferðaþjónustunni að tengjast betur öðrum geirum hagkerfisins (Ritchie og Crouch, 2003, bls. 148).

2.3.2 Stefnumótun á Vesturlandi

Á árunum 1996-1998 var unnið að stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi fyrir árin 1998-2005. Hún var unnin að frumkvæði Samtaka Sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi (Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, 1998, bls. 3). Meginstefna skýrlunnar var að

ferðaþjónustan myndi þróast hægt en örugglega og verða ein af undirstöðuatvinnugreinum Vesturlands, að tryggja grundvöll ferðaþjónustu til framtíðar og nýta auðlindir ferðaþjónustu á sjálfbæran hátt og í fullri sátt við menningu svæðissins, bæði náttúrulegt og félagslegt umhverfi (Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, 1998, bls. 2). Einnig var áhersla lögð á að tryggja framtíð ferðaþjónustunnar og tekjur af henni frekar en einblína á fjölda ferðamanna.

Meginmarkmið stefnumótunarskýrslunar voru:

- Að rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Vesturlandi verði arðbær
- Að bæta samkeppnisstöðu og stykja samvinnu ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi
- Að auka atvinnutækifæri og tekjur af ferðaþjónustu á Vesturlandi
- Að lengja ferðamannatímann
- Að lengja dvöl ferðamanna á Vesturlandi
- Að fjölga gistinóttum á Vesturlandi
- Að auka nýtingu framboðs ferðaþjónust á öllu Vesturlandi og að nýta vanýttar auðlindir ferðaþjónustu
- Að auka fjölbreytni afþreyingar fyrir ferðamenn og þá sérstaklega afþreyingu sem tengist sögu og menningu svæðisins
- Að nýta til hins ítrasta nálægð Vesturlands við höfuðborgarsvæðið og þá sérstaklega í kjölfar bættra samgangna (Hvalfjarðargöng)
- Að stuðla að bættum gæðum í ferðaþjónustu á Vesturlandi
- Að auka menntun og faglega færni starfsfólks í ferðaþjónustu. (Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, 1998, bls.3)

2.4 Rannsóknarpörfin

Þegar horft er til sambærilegra rannsókna finnst ekki sambærileg rannsókn á Íslandi, en þörf fyrir rannsóknir á íslenskri ferðaþjónustu er mikil. Mikið hefur verið rætt um þörf á rannsóknum fyrir þróun og uppbyggingu ferðaþjónustunnar (Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Ólasdóttir, 2013, bls. 1). Ferðamálastofa lét greina þörf á rannsóknum á íslenskri ferðaþjónustu og gaf út skýrslu yfir niðurstöðurnar. Ellefu rannsóknarefni voru sett í forgang og eru þau eftirfarandi:

1. Stærð ferðaþjónustunnar á Íslandi og lykiltölur
2. Markhópagreining
3. Þolmörk ferðamennsku
4. Ferðamenn á landsvísu
5. Arðsemi ferðaþjónustunnar
6. Ferðamenn eftir landsvæðum
7. Virðisdeðja ferðaþjónustunnar
8. Sérstaða svæða
9. Ferðaþjónusta framtíðarinnar
10. Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar
11. Þjónustugæði (Ferðamálastofa, 2013, bls. 3).

Á þessum lista hér fyrir ofan eru fjölmörg efni á sviði sjálfbærni, sem snýst um að nýta það sem að við höfum án þess að ganga á birgðir komandi kynslóða. Slíkar rannsóknir koma ekki einungis til með að nýtast ferðaþjónustunni heldur einnig stjórnvöldum, fjárfestum, sveitarfélögum svo ekki sé talað um við stefnumótun greinarinnar.

3 Rannsóknaraðferðir

Í þessum hluta ritgerarinnar er fjallað um þá rannsóknaraðferð sem notuð var til að afla svara við rannsóknarspurningunni: Er hótélrekstur í Dalabyggð rekinn með sjálfbærni að leiðarljósi? Hér á eftir verður gerð grein fyrir hvaða rannsóknaraðferð var notuð, undirbúningi, gagnaöflun og úrvinnslu gagna.

3.1 Aðferðafræði

Þegar hafist er handa við rannsóknaráætlun kemur strax upp sú spurning hjá rannsakandanum hvort gera skuli meginlega eða eigindlega rannsókn. Markmiðið með meginlegum rannsóknum er að mæla og bera saman athafnir, viðhorf og einkenni einstaklinga og hópa með tölulegum hætti (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Til þess að safna þeim göngum eru t.d. notaðar spurningalistakannanir, tilraunir, innihaldsgreiningar auglýsinga og fréttar og notkun lýðtalna á borð við þær sem nálgast má á Hagstofu Íslands (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Eigindlegar rannsóknaraðferðir leita svara við spurningu með því að skoða ólíka félagslega þætti og einstaklinga sem eru innan þeirra (Berg, 2001, bls. 6). Með eigindlegum rannsóknar aðferðum er leitast við að kanna hvernig maðurinn hagar sér og hvernig hann virkjar skilningarvit sín í gegnum tákni, helgisíði, samfélagsgerð, félagsleg hlutverk og svo framvegis (Berg, 2001, bls. 7). Hægt er að nota eigindlegar aðferðir þegar fjöldi tilfella er ekki nægilegur til að standast kröfur meginlegra rannsókna svo niðurstöður verði marktækar. Rannsóknir sem hafa færri en fjórtíu einingar til mælinga henta ekki til rannsókna í meginlegum rannsóknaraðferðum en á hinn bóginn er sami fjöldi nægilegur til eigindlegra rannsókna (Berg, 2001, bls. 10).

Höfundur ákvað að nálgast efnið með eigindlegum rannsóknaraðferðum, og nota dæmisögu aðferðina (Case Study Method). Dæmisögu aðferðin felur í sér að safna nægum upplýsingum um ákveðna persónu, félagslegt umhverfi, viðburð eða hóp til að getað skilið hvernig hann vinnur eða virkar (Berg, 2001, bls. 225). Hægt er að nota nokkrar aðferðir af dæmisögum og í þessari ritgerð var valið að nota rannsóknardæmisögur. Ástæðan fyrir því vali var sú að þegar unnið er að rannsóknar dæmisögu er hægt að vinna vettvangsvinnu og safna gögnum áður en endanleg rannsóknarspurning hefur verið valin (Berg, 2001, bls.

230). Rannsókn af þessu tagi verður þó að hafa skipulagsramma sem unnið er eftir frá upphafi rannsóknarinnar, slíkar grunnrannsóknir má svo nota síðar til stærri félagslegra vísindarannsókna (Berg, 2001, bls. 230). Val rannsakanda á þessari rannsóknaraðferðir miðaðist við það að þrátt fyrir nokkurn fjölbreytileika á gistinguöguleikum í Dalabyggð, ákvað hann að taka einungis fyrir þau tvö hótél sem rekin eru í sveitarfélaginu Hótél Eddu á Laugum og Vogur Country Lodge.

Meðal aðferða sem notaðar voru til að afla gagna voru hálfopin viðtöl, en með þeim styðst rannsakandinn við fyrirfram ákveðnar spurningar til að fá svör við rannsóknarspurningunni. En jafnframt getur viðmælandinn komið með sína sýn á viðfangsefnið (Berg, 2001, bls. 70). Til viðbótar var efnis aflað með öðrum hætti svo sem af vefsíðum fyrirtækjanna.

3.2 Undirbúningur

Undirbúningur þessarar ritgerðar hófs í nóvember 2013 með vali á viðfangsefni, sem var sjálfbærni í ferðaþjónustu í Dalabyggð. Vinna hófst svo í janúar 2014 en fór að mestu leyti fram í apríl sama ár. Grunnvinnan fólst á því að kynna sér hugtakið sjálfbærni frá öllum sjónarhornum og hvernig það tengist ferðaþjónustunni, og hvernig hægt er að nýta sjálfbærni til að gera ferðaþjónustuna betri. Næst kom að því að afmarka viðfangsefnið betur og varð samanburður á þeim tveimur hótélum sem rekin eru í Dalabyggð fyrir valinu. Höfundur ákvað að beita dæmisögurannsókn og bera saman tvö dæmi um hótél í Dalabyggð. Meðal annars voru tekin viðtöl við hótélstjóra beggja hótélanna til að fá betri innsýn í reksturinn. Áður en að viðtölin voru tekin kynnti höfundur sér hótelin sem hann valdi með því að skoða heimasíður þeirra og aðra upplýsingamiðla. Markmiðið með því var að kynna sér hvað hótelin hefðu upp á að bjóða og hvort hægt væri að sjá hvort að þau settu fram einhverjar stefnur eða vinnureglur sem byggðust upp á hugmyndinni um sjálfbæra ferðaþjónustu. Við vinnslu spurningarlista var unnið útfrá hugtakinu um sjálfbærni og hvort að þessi tvö hótél væru rekin með sjálfbærni í stefnu sinni.

3.3 Gagnaöflun og úrvinnsla

Þegar kom að því að afla gagna byrjaði rannsakandinn á því að fara í gegnum allt námsefnið úr BA náminu og rifja upp þekkingu sína á viðfangsefninu. Til að auka við hlutann um fræðilega þekkingu voru notaðar fræðibækur af bókasafni Hólaskóla og frá Þjóðarbókhöðunni auk ritrýndra greina og efnis af veraldarvefnum.

Rannsakandinn byrjaði á því að safna gögnum um hótelin á heimasíðum þeirra. Næst hafði hann samband við hótelsstjóra beggja hótélana sem valin voru í rannsóknina í gengum síma. Viðmælendur voru jákvæðir og fannst áhugavert að taka fyrir rekstur hótela þar sem að aðeins tvö hótél eru rekin á svæðinu. Símaviðtölin fóru fram frá miðjum apríl og fram í lok apríl. Rannsakandinn var með opið skjal í tölvunni með spurningum á þar sem svörin voru fyllt inn í jafnóðum og viðtalið fór fram. Að viðtölum loknum voru þau prentuð út og svörin borin saman.

4 Niðurstöður

4.1.1 Bakgrunnur fyrirtækjanna

Bakgrunnur hótelanna er ólíkur að flestu leyti. Hótel Edda er hótelkeðja sem rekin er hringinn í kringum landið og er með höfuðstöðvar í Reykjavík. Það er í eigu Icelandair Group og hefur því örugga stöðu á markaðnum þar sem að önnur ferðapjónustufyrirtæki í eigu þeirra eru Icelandair, Iceland Travel, Ferðaskrifstofan Vita og Flugfélag Íslands (Hótel Edda, á.á.). Hótel Edda leigir húsnæðið af sveitarfélaginu en það er staðsett í grunnskólanum á Laugum í Sælingsdal sem hefur verið lagður niður. Vogur Country Lodge er hins vegar einkarekið hótel, þar sem að eigendurnir keyptu jörð sem var farin í eyði og byggðu upp hótel rekstur á henni. Hótelið hefur lögheimili í Dalabyggð en eigendurnir búa á höfuðborgarsvæðinu (Guðmundur Halldórsson, munnleg heimild, 15. apríl 2014).

Rekstargrundvöllurinn er einnig ólíkur en Hótel Edda er sumarhótel sem einungis er rekið í um það bil þrjá mánuði á ári en sumarið 2014 er það opið frá 6. júní til 25. ágúst í leiguhúsnæði frá sveitarfélaginu (Tryggvi Guðmundsson, munnleg heimild, 28. apríl 2014), á meðan Vogur Country Lodge er heilsárs hótel í eigin húsnæði, sem hefur verið breytt úr hlöðu í hótel (Vogur Country Lodge, á.á.).

4.1.2 Starfsfólk

Vogur Country Lodge er með fjóra starfsmenn í vinnu yfir vetrartímann og eru tveir af þeim heimamenn. Um er að ræða þar þar sem að konan flytur til baka í heimahérað með fjölskyldu þegar að hótelið opnar og sest að í sinni gömlu heimasveit. Á þeim tímapunkti sem viðtalið fer fram er ekki enn ljóst hversu margir starfsmenn komi til með að starfa hjá þeim yfir sumartímann þar sem enn er verið að vinna úr bókunum og umfangi. Lausar stöður þar eru ekki auglýstar heldur er leitað eftir rétta starfsfólkinu í störf. Allt nýtt starfsfólk fær þjálfun og kynningu við upphaf starfs.

Þar sem Hótel Edda á Laugum er einungis rekið sem sumarhótel eru aðeins sumarstörf í boði þar. Bókanir og undirbúningsvinna fyrir sumarið fer öll í gegnum höfuðstöðvar Hótel Eddu í Reykjavík. Auglýst er eftir starfsfólki á hverju ári á heimasíðu hótelsins og í öðrum miðlum. Þar er áhugi fyrir því að fá heimafólk í vinnu og því eru auglýsingarnar einnig

birtar á heimasíðum þeirra sveitafélaga sem við á. Sumarið 2014 verða 19 starfsmenn á Laugum í Sælingsdal en enginn heimamaður. Segir Tryggvi að það hafi reynst erfitt að fá heimafólk til starfa síðustu ár og hafi þeir einungis verið 1-2 hvert sumar. Haldið er dagsnámskeið fyrir alla starfsmenn hótelsins áður en þeir hefja störf.

4.1.3 Aðföng

Það er ljóst að ekki er hægt að nálgast öll nauðsynleg aðföng á svæðinu. Þegar spurningin um hvort áhersla sé lögð á að versla af heimamönnum kemur í ljós að mikill hluti matarinnkaupa hjá Vogu Country Lodge fer fram í héraði. Þeir kaupa allt lambakjöt frá Hvannarlambi í Ytri Fagradal, allt nautakjöt er verslað frá Báru á Lyngbrekku, ísinn frá Rjórnabúinu á Erpsstöðum og grænmeti frá Ólafsdal á meðan það er nóg til.

Hjá Hótel Eddu er lögð áhersla á að versla allt sem þeir geta af heimamönnum og er þar nefnt osta úr Mjólkursamlaginu í Búðardal, lambakjöt frá Hvannarlambi í Ytri Fagradal ásamt silungi og bleikju, grænmeti og kartöflur frá Ólafsdal.

4.1.4 Stefnumótun

Lögð var fyrir spurningin hefur hótelið skýra stefnumótun í rekstrinum sem unnið er eftir og ef svo er hverjir eru lykilþættir hennar?

Guðmundur eigandi og hótelsstjóri Vogs Country Lodge kvað enga stefnu vera komna enn, þar sem að það væri enn á byggingarfasa og aðaláherslan lögð á uppbygginguna eins og er. En að því loknu kæmi að því að móta stefnu sem yrði ferðamönnum aðgengileg. Hótel Edda vinnur eftir umhverfisstefnu Icelandair group og er hún aðgengileg á heimasíðu þeirra.

4.1.5 Hugtakið sjálfbær ferðapjónusta

Hótelsstjórnarnir voru spurðir út í sína túlkun á hugtakinu sjálfbær ferðapjónusta og hvað þeir teldu felast í því að reka sjálfbæra ferðapjónustu.

Guðmundur á Vogu Country Lodge svaraði því svo að hugtakið sjálfbær ferðapjónusta væri mjög víðtækt og afstætt hugtak. En hans skýring var sú að hlutir væru endurnýttir líkt og

gert var við uppbyggingu hjá þeim þar sem að gömul útihús eru tekin og gædd nýju lífi. Þar hefur einnig verið sett upp varmadæla til upphitunar, en hún virkar þannig að hún er grafin niður í jörðu einhverjum metrum frá húsunum þar sem að hún dregur orku úr varmanum í jörðinni og flytur inn í húsin sem rafmagn. Hann segir líka mikilvægt að vinna allt í sátt við náttúru og umhverfið sé sjálfbærni.

Tryggvi hjá Hótel Eddu leit svo á að sjálfbærni væri fjölbreytt en fæli í sér að nota vörur og annað sem fengist í heimabyggð til að minnka flutning á vörum. Flokkun sorps væri einn liður í sjálfbærni og að hjá Hótel Eddu væri unnið markvisst að því að minnka notkun á hreinlætisvörum.

4.2 Kynningarefni

Höfundur kynnti sér það kynningarefni sem hótelin nýta í sína markaðssetningu, bæði heimasíðu og útgefna bæklinga.

Á heimasíðu og í bæklingum Hótel Eddu er tekið fram að markmið veitingastaða þeirra sé að nýta hráefni úr nágrenni hótelanna og versla beint frá býli ef kostur er, til að mynda fisk, lambakjöt og grænmeti (Hótel Edda, á.á.a.). Á heimasíðu þeirra má einnig lesa sér til um nánasta umhverfi og þjóðsögur í nágrenninu sem auðveldar ferðamönnum að sjá hvaða möguleikar á afþreyingu eru í boði í sveitarfélaginu. Þá er hægt að sjá á heimasíðu þeirra í hvaða flokka hótelin hjá þeim skiptast, eftir þeirra eigin gæðakerfi. Hvergi í þeirra kynningarefni rakst höfundur á hugtakið sjálfbærni.

Á heimasíðu Sveitasetursins Vogs eru engar upplýsingar að finna um stefnu eða veitingaaðstöðu, en töluverðar upplýsingar um náttúruna og þá afþreyingu sem er að hafa í sveitarfélaginu. En ef litið er á fésbókar síðu þeirra er tekið fram að á veitingastað þeirra sé boðið upp á hefðbundna og nútíma íslenska matargerð (Vogur Country Lodge, á.á.a.). Hvergi í kynningarefni hjá Vogu Country Lodge var minnst á sjálfbærni eða neitt annað sem beindi athyglinni að þeirri endurnýtingu sem ætti sér stað þar.

4.2.1 Annað

Umræður um ferðaþjónustu almennt í Dalabyggð sköpuðust út frá spurningarlistanum og hafi Guðmundur orð á því að sér þætti mikilvægt að nýta þau tækifæri sem byðust til að efla ferðaþjónustu í Dalabyggð. Honum þótti miður að húsakostur líkt og væri á Laugum væri ekki nýttur allt árið. Hann taldi að með því að auka möguleika á gistingu allt árið væru meiri líkur á því að hægt yrði að stofna afþreyingarfyrirtæki á svæðinu, sem ætti að vera allra hagur. Hann lítur svo á að aukin ferðamannastraumur og samstarf ferðaþjónustu aðila á svæðinu sé allra hagur.

Hvorugt hótelanna var aðili að gæðakerfi, en Hótel Edda hefur sitt eigið gæðakerfi og starfandi gæðastjóra sem tekur út öll hótél keðjunnar.

4.3 Greining niðurstaðna

Í inngangi ritgerðarinnar var velt upp eftirfarandi spurningum:

Hver er ávinningur heimamanna af því að hafa þessi tvö hótél í sveitarfélaginu? Auka þau atvinnuframboð, styðja þau við þá framleiðslu sem á sér stað á svæðinu og hafa þau sjálfbærni að leiðarljósi við reksturinn? En meginrannsóknarspurningin var, er hótélrekstur í Dalabyggð rekinn með sjálfbærni að leiðarljósi?

Greinilegt er að skilningur ferðaþjónustuaðilanna á sjálfbærni er nokkuð góður og er margt í þeirra rekstri sem stuðlar að sjálfbærni þrátt fyrir að ekki sé endilega lögð áhersla á það. Ávinningur heimamanna af þessum hótélum er töluverður. Hótel laða að ferðamenn sem eru líklegir til að nýta þá þjónustu sem í boði er í sveitarfélaginu um leið og það leggur leið sína um héraðið.

Eins og fram hefur komið er rekstur Hótel Eddu á Laugum og Vogs Country Lodge með ólíku sniði, annars vegar heilsárs hótél og hinsvegar sumarhótél rekið í þrjá mánuði á ári. Hótel Edda á Laugum hefur gott framboð á vinnu yfir sumartímann sem ætti að nýtast vel skólafólki og öðrum sem áhuga hafa á tímabundinni atvinnu fyrir sumartímann á svæðinu, en svo virðist vera að ekki sé áhugi fyrir slíkum störfum meðal íbúa sveitafélagsins. Af um það bil 19 starfsmönnum eru ekki nema einn til þrír heimamenn sem nýta sér þennan

atvinnumöguleika. Vogur Country Lodge hefur stuðlað að fjölgun íbúa sveitarfélagsins með því að leita sér að rétta starfsfólkinu og þar af leiðandi hafa brottfluttir flutt til baka, enn á eftir að koma í ljós hversu marga einstaklinga þarf að ráða inn til sumarstarfa hjá þeim en möguleiki er á að rétti einstaklingurinn gæti verið heimamaður. Uppbyggingu Vogs Country Lodge er ekki lokið svo ekki er útséð með það hvort að fleiri starfsmenn verið ráðnir í heilsársstörf sem gætu þá ýmist verið heimamenn eða einstaklingar sem myndu flytja í sveitarfélagið til að stunda vinnu.

Það er áhersla beggja hótelanna að versla í heimabyggð og bjóða upp á matvörur úr héraði. Flestir framleiðsluaðilar sveitarfélagsins eiga í viðskiptum við bæði hótelin. Rekstaraðilum þykir mikilvægt að styðja við þá starfsemi sem fer fram á svæðinu og nýta hana til fullnustu.

Þrátt fyrir að sjálfbærni sé ekki megináhersla reksturs hótelanna er margt í rekstri þeirra sem stuðlar að sjálfbærni. Vogur Country Lodge vinnur að því að endurgera byggingar sem fyrir voru á staðnum til að nýta við reksturinn, nú þegar hefur hlaðan á bænum verið endurbætt og gegnir nú hlutverki hótelsins, og unnið er að breytingu á öðrum byggingum á staðnum. Þar hefur verið lögð varmadæla í jörðina til að nýta orkuna úr henni sem dregur úr rafmagnskostnaði. Útsvar Vogs Country Lodge skilar sér að mestu leyti til Dalabyggðar þar sem að lögheimili þeirra er í sveitarfélaginu og allavega tveggja starfsmanna. Hótel Edda á Laugum nýtir húsakost sem áður var grunnskóli sveitarinnar. Við upphaf rekstursins var því verið að nýta húsnæði sem annars staði autt yfir sumartímann, í dag er enginn skóli starfræktur þar en Ungmenna og tómstundabúðir UMFÍ eru með rekstur í húsnæðinu yfir vetrartímann. Sveitarfélagið hefur tekjur af því að leigja út húsnæðið þrátt fyrir að útsvar Hótel Eddu á Laugum skili sér ekki til sveitarfélagsins þar sem að lögheimilið er á höfuðborgarsvæðinu, og flestir starfsmenn eru búsettir utan sveitarfélagsins.

Það er því niðurstaða höfundar að hótelrekstur í Dalabyggð er rekinn á sjálfbæran hátt miklu leyti þótt sumu mætti breyta til hins betra.

5 Umræður

Í þessari ritgerð hefur verið leitað svara við spurningunni um hvort sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í rekstri hótela í Dalabyggð.

Höfðu hótelin sjálfbærni að leiðarljósi við reksturinn? Samkvæmt niðurstöðum viðtala eru rekstaraðilar hótelanna mjög meðvitaðir um sjálfbærni þrátt fyrir að leggja ekki mikla áherslu á það í kynningarefni sínu. Ferðamálastofa hefur langt áherslu á að ferðaþjónusta á Íslandi sé rekin með sjálfbæra þróun að leiðarljósi (Ferðamálastofa, á.á.b.) og meðal helstu þátta stefnu Ferðamálastofu er að vinna árlega að úrbótum sem stuðla að minni mengun og verðmættasóun t.d. með endurnýtninu, endurvinnslu, orkusparnaði og notkun á umhverfisvænum efnum (Ferðamálastofa, á.á.b.). Bæði hótelin vinna með úrbætur á þessum lista. Vogur Country Lodge vinnur að endurnýtingu húsakosts og stuðlar að orkusparnaði með varmadælu. Hótel Edda hugar að endurvinnslu sorps og vinnur markvisst að því að draga úr notkun hreingerningar efna. Ferðamálastofa vill líka stuðla að því að vörur og þjónusta úr heimabyggð sé nýtt og neikvæð umhverfisáhrif verði minnkuð (Ferðamálastofa, á.á.b.), samkvæmt viðtölum við rekstaraðila hótelanna er unnið markvisst að því að nýta það hráefni sem fæst í sveitarfélaginu. Efnahagsleg sjálfbærni ferðaþjónustu felur í sér að styðja við raunhæfan efnahagslega ávinning, til að stuðla að bættum lífsskilyrðum (Ritchie, og Crouch, 2003, bls. 46) og að hámarka arð af ferðaþjónustu til heimafólks og tryggja að tekjur verði eftir á svæðinu (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013, bls. 14). Vogur Country Lodge fellur vel að þessum skilgreiningum þar sem að útsvar hótelsins rennur til sveitarfélagsins og hluti starfsfólksins býr í sveitarfélaginu. Hinsvegar er mikill efnahagsleki úr sveitarfélaginu í rekstri Hótel Eddu, þar sem að hótelið hefur lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og flest starfsfólkið er aðkomu fólk sem stoppar stutt við.

Í stefnumótun Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi eru markmiðin meðal annars að auka atvinnutækifæri og tekjur af ferðaþjónustu, lengja ferðamannatímamann og fjölga gistinóttum á Vesturlandi (Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, 1998, bls. 3). Með tilkomu Vogs Country Lodge er unnið að því að fjölga gistinóttum og með því að reka heilsárs hótél lengist ferðamannatíminn og möguleikar á fjölbreyttari gistimöguleika allan ársins hring í Dalabyggð. Þar er einnig möguleiki á auknum atvinnutækifærum fyrir

heimamenn eða möguleikar á fjölgun íbúa. Með rekstri Hótel Eddu eins og hann er í dag er ekki möguleiki frá þeirra hendi að vinna að lengingu ferðamannatímans þar sem aðeins er um sumarhótel að ræða, hinsvegar eru þar í boði aukin atvinnutækifæri í þessa þrjá mánuði á ári, sem heimamenn nýta sér ekki.

5.1 Hugmyndir um næstu skref

Hver er raunverulegur ávinningur heimamanna af því að hafa þessi tvö hótel í sveitarfélaginu? Auka þau atvinnuframboð, styðja þau við þá framleiðslu sem á sér stað á svæðinu og hafa þau sjálfbærni að leiðarljósi við reksturinn?

Höfundur finnst nauðsynlegt að fræða ferðaþjónustuaðila um hugtakið sjálfbæra ferðaþjónustu til að auka skilning á því í samfélaginu bæði hjá þeim og öðrum. Það er allra hagur að íbúar landsins hafi verndun umhverfis og hag samfélaga að leiðarljósi og því er mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar sem hafa lífsviðurværi af því að selja ferðamönnum landið séu meðvitaðir um hvernig sé best að vinna að því að viðhalda landsins gæðum um leið og bæði íbúar þess og gestir njóta þess.

Hér hafa einungis verið tekin fyrir tvö hótel af þeirri ferðaþjónustu sem rekin er í Dalabyggð. Áhugavert gæti verið að kanna betur alla þá ferðaþjónustu sem rekin er í sveitarfélaginu með tilliti til sjálfbærni, og kanna hvort þau séu rekin eftir fyrirbyggjandi stefnumótun sem tekur á þáttum sjálfbærni. Einnig væri áhugavert að kanna hversu mörg þessara ferðaþjónustu fyrirtækja hafa kynnt sér skýrsluna um stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi sem Samtök sveitarfélag á Vesturlandi unnu að.

Höfundur hefur komist að þeirri niðurstöðu að lokinni rannsóknarvinnu að sjálfbær ferðamennska er ekki einungis „tískuorð“ eins og oft hefur verið talað um. Þrátt fyrir að skilningur hugtaksins sé misjafn er greinilegt að hótélrekstur í Dalabyggð hefur sjálfbærni að leiðarljósi án þess að hafa lagt áherslu á það beint. Höfundur er sannfærður um að með markvissu átaki er hægt að auka þekkingu mannsins á sjálfbærni og áhrifum hennar á allt í kringum okkur hvort sem það er umhverfið, efnahagurinn eða samfélagið.

Heimildaskrá

Arnheiður Hjörleifsdóttir og Stefán Gíslason. (2002). Hvað getið þið sagt mér um Staðardagskrá 21. *Vísindavefurinn*. Sótt 29. apríl 2014 á: <http://visindavefur.is/svar.php?id=3580>

Auður H. Ingólfssdóttir (ritstjóri). (2002). *Grænskinna. Umhverfismál í brennidepli*. Reykjavík: Mál og menning.

Dalabyggð. (á.á.). *Þjónusta*. Sótt 29. apríl 2014 á: <http://dalir.is/thjonusta/>

Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson. (2013). *Ferðamál á Íslandi. Heildstætt grundvallarit um ferðamál*. Reykjavík: Mál og menning.

Fayos-Solá, E.. (1996). Tourism policy: a midsummer night's dream? *Tourism Management*, 17 (6): 405-412.

Ferðamálastofa. (á.á.a.). *Tölur og útgáfur. Fjöldi ferðamanna*. Sótt 19. apríl 2014 á: <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna>

Ferðamálastofa. (á.á.b.). Um ferðamálastofu. *Skipurit og stefna*. Sótt 28. apríl 2014 á : http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/um_ferdamalastofu/umhverfis_sjalfbaerni.pdf

Gunnar Þór Jóhannesson. (2012). Tími til að tengja? Af stefnumótun í ferðaþjónustu á Íslandi. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 8(1), 173-194.

Hagstofa Íslands. (á.á.a.). *Talnaefni. Mannfjöldi*. Sótt 20. apríl 2014 á: <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2014+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+hvers+%E1rs%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

- Hagstofa Íslands. (á.á.b). *Talnaefni. Mannfjöldi*. Sótt 20. apríl 2014 á:
<http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2014+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+hvers+%E1rs%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hótel Edda. (á.á.a.). *Um okkur*. Sótt 19. apríl 2014 á: <http://www.hoteledda.is/is/about-us>
- ICLEI Global. (á.á). *Programs*. Sótt 26. apríl 2014 á:
<http://archive.iclei.org/index.php?id=1202>
- Jón Gunnar Bernburg. (2005). Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda ?
Vísindavefurinn. Sótt 21. apríl 2014 á: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5420>
- Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir. (2013). *Þörfin fyrir rannsóknir í íslenskri ferðapjónustu, Greining hagsmunaaðila*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Landsbankinn. (2013). *Ferðapjónusta á Íslandi. Greining Hagfræðideildar Landsbankans*. Reykjavík: Prentmet.
- Landsbankinn. (á.á.). *Ferðapjónusta á Íslandi. Þróun fjárfestingar og reksturs*. Reykjavík: Prentmet.
- Leifur Eiríksson. (á.á.). *Sögukort*. Sótt 29. apríl 2014 á:
http://leif.is/default.asp?sid_id=1074&tId=1&Tre_Rod=002|003|001|&qsr
- Middleton, V.T.C. og Hawkins, R. (1998). *Sustainable Tourism. A Marketing Perspective*. Oxford: Butterworth-Heinemann.
- Oddný Þóra Óladóttir. (2013). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum, apríl 2013*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Oddný Þóra Óladóttir. (2014). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum – apríl 2014*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Rio+20 Education. (á.á.). *Background. Rio+10 Outcomes*. Sótt 29. apríl 2014 á:
http://rioplus20education.info/?page_id=57

- Ritchie, J.R.B. og Crouch, G.I. (2003). *The Competitive Destination. A Sustainable Tourism Perspective*. Cambridge: CABI Publishing.
- Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi. (1998). *Byggðir milli jökla. Stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi 1998-2005*. Reykjavík. Fjölrítunarstofa Daníels Halldórssonar.
- Sustainable Environment. (á.á.). Action. *The Rio Declaration on Environment and Development*. Sótt 29. apríl 2014 á: http://www.sustainable-environment.org.uk/Action/Rio_Declaration.php
- United Nations. (á.á.a). *About. History of Sustainable Development*. Sótt 21. apríl 2014 á: <http://www.uncsd2012.org/history.html>
- United Nations Environment Programme. *Rio Declaration on Environment and Development*. Sótt 21. apríl 2014 á: <http://www.unep.org/Documents.Multilingual/Default.asp?documentid=78&articleid=1163>
- UNWTO. (á.á.). *Sustainable Development of tourism*. Sótt 28. apríl 2014 af: <http://www.unwto.org/sdt/mission/en/mission.php>
- Utanríkisráðuneytið. (á.á.). *Málefni*. Sótt 29. Apríl 2014 á: http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/throunarsamvinna/stefna/althjodasamt_hykkir/
- Vakinn. (á.á.). Vakinn. *Forsaga vakans*. Sótt 28. apríl 2014 á: <http://www.vakinn.is/Vakinn/ForsagaVAKANS/>
- Visit West Iceland. (á.á.a.). Visit Dalir. *Náttúra*. Sótt 28. apríl 2014 á: <http://www.vesturland.is/Forsida/VisitDalir/Nattura/>
- Visit West Iceland. (á.á.b.). Visit Dalir. *Saga og menning*. Sótt 28. apríl. 2014 á : <http://www.vesturland.is/Forsida/Visitdalir/SagaogMenning/>

Visit West Iceland. (á.á.c.). Visit Dalir. *Afþreying*. Sótt 28. apríl. 2014 á:
<http://www.vesturland.is/Forsida/VisitDalir/Afthreying/>

Vogur Country Lodge. (á.á.a.). *Um*. Sótt 19. apríl 2014 á:
<https://www.facebook.com/VogurCountryLodge>

Munnlegar heimildir

Guðmundur Halldórsson, eigandi og hóteltjóri Vogur Country Lodge, 15. apríl 2014.

Tryggvi Guðmundsson, forstöðumaður landsbyggðahótela Hótel Eddu, 28. apríl 2014.

Töfluskrá

Tafla 1:

Auður H. Ingólfssdóttir (ritstjóri). (2002). *Grænskinna. Umhverfismál í brennidepli*. Reykjavík: Mál og menning. Bls. 142

Tafla 2.

Weaver, D. (2006). *Sustainable tourism*. Oxford: Elsevier butterworth heinnemann. Bls. 25

Viðkauki 1

Spurningar fyrir hálfopið viðtal.

Símtalið byrjar á því að rannsakandinn kynnir sig og útskýrir rannsóknina og ástæðu fyrir vinnslu hennar.

1. Nafn fyrirtækis ?
2. Heimilisfang ?
3. Hver er opnunartími hótelsins ?
4. Hvað eru margir starfsmenn hjá ykkur ?
5. Hvað eru margir af þeim heimamenn ?
6. Hvað vinna margir yfir vetrartímann?
7. Hvað vinna margir yfir sumartímann ?
8. Hvernig er ráðið í lausar stöður ?
9. Fær starfsfólk einhverja þjálfun við upphaf starfs ?
10. Er lögð áhersla á að versla við birgja á svæðinu?
11. Hvað verslið þið helst af heimamönnum ?
12. Eruð þið með aðgengilega stefnu sem unnið er eftir í rekstri hótelsins ?
13. Er hótelið í einhverju gæðakerfi ?
14. Ef já hverju ?
15. Hver er þinn skilningur á hugtakinu sjálfbærni ?